

Mánudaginn 3. nóvember 1958.

Nr. 147/1958. **Elís Gunnarsson**
 gegn
Ragnari Jónassyni.

Dómsendur:

hæstaréttardómararnir Árne Tryggvason, Gizur Bergsteinsson,
 Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theódór
 B. Línadal.

Frávísun frá héraðsdómi. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 4. f. m., sem barst Hæstarétti 13. f. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð upp kveðinn á aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 29. september þ. á. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og málinu vísað frá héraðsdómi. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði úr hendi varnaraðilja svo og kærumálskostnaðar að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Varnaraðili sækir sóknaraðilja í héraði til greiðslu skaðabóta „fyrir rof á samningi um kaup á jörðinni“ Ögri í Stykkishólmshreppi „ásamt húsum og mannvirkjum og nokkrum nánar tilgreindum búsmunum“. Slíkt mál verður ekki gegn andmælum sóknaraðilja sótt á varnarþingi nefndrar fasteignar samkvæmt 78. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að vísa aukadómþingsmálinu frá héraðsdómi og dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja málskostnað í héraði, kr. 1000.00, svo og kærumálskostnað, kr. 600.00.

Dómsorð:

Framangreindu aukadómþingsmáli er vísað frá héraðsdómi.

Varnaraðili, Ragnar Jónasson, greiði sóknaraðilja, Elís Gunnarssyni, kr. 1000.00 í málskostnað í héraði

og kr. 600.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður aukadómþings Snæfellsness- og Hnappadalssýslu
29. september 1958.**

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar eða dóms þann 20. september s.l., hefur Halldór Jónsson lögfræðingur, f. h. Ragnars Jónassonar, bónda í Ögri, Stykkishólshreppi, höfðað fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu með stefnu, útgefinn 13. maí 1958, gegn Elís Gunnarssyni sjómanni, Grafarnesi, til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 20.000.00, auk vaxta og málskostnaðar, vegna samningsrofa á kaupsamningi um jörðina Ögur í Stykkishólshreppi.

Stefndi, sem er ólöglærður maður, mætti ekki við þingfestingu málsins þann 6. júní s.l., en réttinum barst bréf frá honum, meðan á þinghaldinu stóð, og var þar lagt fram sem greinargerð frá hans hendi með samþykki umboðsmanns stefnanda. Við aðiljayfirheyrslur og vitnaleiðslur mætti stefndi ekki heldur, og var það ekki fyrr en í þinghaldi þann 21. júlí, þá er sækjandi skyldi skila frumsókn, að hann lét mæta. Umboðsmaður stefnda, sem einnig er ólöglærður, fór þess þá á leit, að málinu yrði frestað til 20. september sökum fjarveru stefnda, þar eð hann teldi nauðsynlegt að mæta sjálfur fyrir rétti og gefa aðiljaskýrslu svo og afla gagna, ef þess væri kostur.

Umboðsmaður stefnanda varð við þessum tilmælum.

Í þinghaldi þann 20. september skilar umboðsmaður stefnda, hrl. Sigurður Ólason, greinargerð í málinu og gerir hann þær réttarkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá sökum þess, að stefnt hafi verið fyrir rangt varnarþing. Byggir hann frávísunarkröfuna á því, að þar sem hér sé um almennt skaðabótamál að ræða, út af meintu samningsrofi um áformuð kaup á fasteign, en hins vegar alls ekki um „réttindi yfir fasteign, innihald eða sliti slíkra réttinda“ í merkingu 78. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, þá sé heimildarlaust að stefna málinu fyrir fasteignarvarnarþing. Umboðsmaður stefnanda mótmælti þessum sjónarmiðum umboðsmanns stefnda.

Réttarkröfur stefnanda í máli þessu eru, svo sem áður segir, þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur vegna samningsrofa á kaupsamningi um jörðina Ögur í Stykkishólshreppi.

Að vísu virðist þetta tilvik ekki eiga beinlínis undir 78. gr. einkamála laga, en þegar litið er á tilgang reglunnar um fasteignavarnarþing og það, að aðalsönnunarþáttur málsins snýst um það, hvort samningur hafi verið kominn á um kaup á téðri fasteign, þá verður að telja, að réttilega sé stefnt í máli þessu.

Ber því að hrinda frávísunarkröfunni.

Haraldur Jónasson, fulultrúi sýslumanns, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa stefnda skal ekki tekin til greina.

Mánudaginn 3. nóvember 1958.

Nr. 148/1958. Jón Gíslason

gegn

Þorsteini Jónssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Árne Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theódór B. Línal.

Frávísunarkröfu hrundið. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson sýslumaður hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð ásamt samdómsmönnunum Þóri Steinþórsyni og Þorvaldi T. Jónssyni.

Með kæru 4. f. m., sem barst Hæstarétti 15. f. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð upp kveðinn á aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 30. september þ. á. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og málinu vísað frá héraðsdómi. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði úr hendi varnaraðilja og kærumálskostnaðar úr hendi hans að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, en til vara, að málinu verði vísað heim